

Niðurstöður háskólaþings 21. maí 2015

Háskólaþing Háskóla Íslands var haldið í 14. sinn 21. maí 2015. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands, háskólaráð getur leitað umsagnar þess um hvað eina sem varðar starfsemi háskólans, auk þess sem ráðið getur falið háskólaþingi umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Á háskólaþingi eiga sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana háskólans og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta, auk fulltrúa starfsmanna stjórnýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Háskólaþing er að jafnaði haldið einu sinni á misseri og sitja það um 100 manns.

Á dagskrá háskólaþings að þessu sinni voru þrjú mál. Fyrst fór rektor ítarlega yfir umfang og áherslur í starfi Háskóla Íslands. Þá kynnti Ásta Möller, verkefnisstjóri á skrifstofu rektors, hollvinastarf háskólans og hvernig skólinn getur ræktað tengsl við núverandi og fyrrum nemendur og starfsmenn, velunnara og velgjörðamenn. Spunnust líflegar umræður um málið og að þeim loknum samþykkti þingið svohljóðandi ályktun:

„Háskólaþing hvetur til þess að unnið verði áfram skipulega að því að rækta tengsl við núverandi og fyrrverandi nemendur og starfsmenn skólans, velunnara og velgjörðarmenn hans. Í því efni er tekið undir þær áherslur sem kynntar voru á þinginu um eflingu hollvinastarfs með það að markmiði að festa í sessi velvilja og tryggð við Háskóla Íslands og sýna velgjörðarmönnum og gefendum þakklæti og virðingu. Þá verði sífellt leitað nýrra leiða til að styrkja fjárhag háskólans og efla enn frekar starfsemi hans.“

Þriðja mál á dagskrá var þverfræðileg samvinna innan Háskóla Íslands. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasviði, greindi frá þverfræðilegu samstarfi um málefni norðurslóða, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs og Hilmar B. Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, sögðu frá fyrirhuguðu þverfræðilegu samstarfi hugvísinda, raunvísinda og lista, Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, greindi frá þverfræðilegu samstarfi á sviði lífvísinda og Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, fjallaði um þverfræðilegt samstarf um sjávarútvegsmál og starf nefndar um leiðir til að efla þverfræðilega samvinnu á sviði kennslu og rannsókna innan Háskóla Íslands.

Málið var rætt ítarlega og að umræðu lokinni samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Háskólaþing telur mikilvægt að nýta með skipulegum hætti breidd og styrk Háskóla Íslands með því að stuðla markvisst að auknu samstarfi fræðasviða,

deilda, stofnana, rannsóknasetra og greina í kennslu, rannsóknnum og nýsköpun. Í þessu felst m.a. að koma í veg fyrir fjárhagslegar og formlegar hindranir og greiða fyrir því að fjölbreytileg þverfræðileg samvinna vaxi og dafni. Nú þegar hefur verið aflað reynslu af farsælu og frjóu samstarfi sem skilað hefur miklum ávinningi, s.s. á vettvangi lýðheilsuvísinda, umhverfis- og auðlindafræði, menntunar framhaldsskólakennara og þjálfunar nemenda í nýsköpun. Unnið er að hliðstæðri samhæfingu í rannsóknnum, m.a. á sviði endurnýjanlegrar orku, málefna norðurslóða, fjarkönnunar, sjávarútvegs, ferðaþjónustu, miðaldafræða, heilbrigðismála, lífvísinda, íþróttar og heilsu, þróunarsamvinnu, jafnréttismála og tækni-hugvísinda-lista.“

Starfshópur háskólaráðs um þverfræðilega samvinnu mun á næstunni skila tillögum sem verða kynntar og ræddar á komandi haustmisseri, m.a. í tengslum við úrvinnslu gæðamats á Háskóla Íslands og stefnumótun háskólans til næstu ára.